

# *Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.*

## FUNDARGERÐ

### 26. fundur

Fundur var haldinn í byggingarnefnd Suður-Þingeyinga miðvikudaginn 7. október árið 2009. Fundurinn fór fram að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13<sup>00</sup>.

Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Friðrik Steingrímsson, Jóhannes Steingrímsson, Kolbeinn Kjartansson, Kristján Snæbjörnsson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **200909089 – Erindi frá Gistiheimilinu Stöng ehf. Stöng, Mývatnssveit**  
Gistiheimilið Stöng ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir starfsmannahús að Stöng, Skútustaðahreppi. Húsið er timburhús á steiptum súlum 76 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Haraldi Árnasyni.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*
2. **200909063 - Erindi frá Birgi Haukssyni Hellu, Mývatnssveit**  
Birgir Hauksson sækir um byggingarleyfi fyrir reykhus að Hellu, Skútustaðahreppi. Húsið er að hluta timburhús og að hluta steinsteypt á steiptum grunni, 35,1 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Timburhlutinn er klæddur með standandi timburklæðningu en steipti hlutinn er hulinn með hraunmöl. Teikningar eru unnar af Halldóri Karlssyni byggingarfræðingi.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að umsækjandi skili inn staðfestingu lóðarréttinda til byggingarfulltrúa.*
3. **200909119 - Erindi frá Skútustaðahreppi**  
Skútustaðahreppur sækir um stöðuleyfi fyrir 40 feta gám á athafnasvæði áhaldahúss sveitarfélagsins að Múlavegi 2, Skútustaðahreppi.  
*Byggingarnefnd leggur til að veitt verði stöðuleyfi til tveggja ára.*
4. **200909074 – Erindi frá Helgu Haraldsdóttur og Alfreð Almarssyni, Ásvegi 17, Akureyri**  
Helga Haraldsdóttir og Alfreð Almarsson sækja um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við frístundahús að Skógum lóð 2, Þingeyjarsveit. Viðbyggingin er bjálkahús á steiptum grunni. 29,1 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Árna Gunnari Kristjánssyni byggingartækni-fræðingi.  
*Byggingarnefnd hafnar erindinu þar sem húsið er staðsett út fyrir byggingarreit.*

## ***Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.***

5. **200909071 – Erindi frá Sveindísi I. Almarsdóttur, Stóragerði 16, Akureyri**  
Sveindís I. Almarsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir geymslu á frístundahúslóð að Þórðarstöðum 153381, Þingeyjarsveit. Geymslan er timburhús á steiptum grunni 48 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus ehf.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki landeiganda og nágranna.*
6. **200909055– Erindi frá Reyni B. Yngvasyni, Brekku, Aðaldal**  
Reynir B. Yngvason sækir um byggingarleyfi fyrir tvö hús á lóð úr landi Brekku, Brekkutúni 207544, Þingeyjarsveit.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*
7. **200910022 – Erindi frá landeigendum Svartárkoti, Bárðardal**  
Landeigendur að Svartárkoti óska eftir byggingarleyfi fyrir vorhús 140 m<sup>2</sup>.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*
8. **200910023 – Erindi frá landeigendum Hofsstöðum, Mývatnssveit**  
Ábúendur og eigendur að Hofsstöðum í Mývatnssveit óska eftir byggingarleyfi fyrir 12 m<sup>2</sup> hús við fyrirhugaða borholu.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15<sup>00</sup>.

Eiður Árnason  
Kolbeinn Kjartansson  
Kristján Snæbjörnsson  
Friðrik Steingrímsson  
Jóhannes Steingrímsson  
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi